



ÁRTÚNSSKÓLI

LEIKSKÓLI - GRUNNSKÓLI - FRÍSTUNDAHEIMILI
ÁRANGUR - VIRÐING - VELLÍÐAN

Fjarfundur í skólaráði Ártúnsskóla

12. nóvember 2021

Boðað var til fundarins með stuttum fyrirvara vegna ástands á skólahúsnæði.

Guðrún Bára fór yfir stöðu skólahúsnæðisins og lét vita að framundan væru viðgerðir á skólahúsnæðinu innan húss vegna myglu á tengigöngum og glugga veggjum í húsinu.

Viðgerðir ná til 3ja staða í húsinu og tengjast allar glugga veggjum sem ná niður í gólf.

Ráðist verður í framkvæmdir á tveimur stöðum á tveimur helgum, dúkur rifinn af og rakaskemmdir hreinsaðar í burtu.

Síðasta framkvæmdin er stærst og er í 2. áfanga skólans. Þar þarf að loka ganginum í einn mánuð. Bekkir verða færðir í aðrar kennslustofur á meðan.

Þrengt verður að 5. bekk og þau fara í eina kennslustofu. 1. bekkur fær aðra stofuna þeirra. 3. bekkur verður í tölvuveri, 2. bekkur verður í tónmenntastofu og 7. bekkur verður í textílmennt.

Framkvæmdum utanhúss verður svo lokið næsta sumar.

Ef allar tímasetningar ganga upp, þá á þetta allt að ganga upp svona.

Fundinn ritaði

Guðrún Bára